



Innsetningarræða
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárns
1. ágúst 1972

Góðir Íslendingar og erlendir fulltrúar.

Þó að þessi embættistaka í dag sé gerð með hátíðlegum hætti svo sem venja er til, verður naumast með sanni sagt, að hún sæti stórum tíðindum. Í stuttri sögu Lýðveldisins hefur það aldrei gerst hingað til, að framboð hafi komið fram gegn forseta, sem tjáð hefur sig reiðubúinn til að vera í endurkjöri, þótt ekkert sé slíku til fyrirstöðu samkvæmt stjórnarskrá vorri. Forsetinn verður sjálfkjörinn, sem svo er kallað næsta kjörtímabil, ef ekkert gagnframboð kemur, og tákna þá þessi athöfn hvorki upphaf né endi neins og markar ekki tímamót. Henni er fremur að líkja við áfangastað. En þó að þessi hafi orðið raunin á, má sjálfskjörshafinn að minni hyggju ekki verða svo rík að þjóðin allt að því gleymi rétti sínum til að kjósa forseta á fjögurra ára fresti, eða forsetinn því, að umboð hans er aðeins til þessa takmarkaða tíma. Skuldbindingin er ekki lengri á hvorugan bóginn, og það er hollt báðum aðiljum að vera minnugir þess réttar og þess frelsis, sem þetta veitir.

En þó að þessi athöfn verði ekki talin til stórtíðinda geri ég mér eigi að síður vel ljóst að þetta er alvörustund fyrir mig og mína. Fyrir réttum fjórum árum stóð ég í þessum sömu sporum og hafði unnið drengskaparheit þess efnis að halda stjórnarskrá Lýðveldisins sem rétt kjörinn forseti landsins næsta kjörtímabil. Nú hef ég aftur unnið hið sama heit fyrir kjörtímabilið sem hefst hinn 1. ágúst 1972 og endar 31. júlí 1976. Ég er þakklátur fyrir að vera hingað kominn áfallalaust og geri mér þess fulla grein, að ég á í því efni mörgum mönnum mikla skuld að gjalda. Hana get ég ekki goldið á annan hátt en að leitast við hin næstu fjögur ár að reynast maklegur þess trausts, sem mér hefur verið sýnt. Sú mun verða viðleitni mín, því lofa ég nú, um leið og ég þakka góðar óskir, sem til mín hafa komið úr ýmsum áttum, frá ríkisstjórn landsins, frá forseta hæstaréttar og mörgum öðrum. En sérstaklega þakka ég öllum, sem hafa verið mér vel og hvatt mig og styrkt á undanförunum fjórum árum, og verður mér þó öllum öðrum fremur hugsað til þeirra, sem næst mér standa, konu minnar og fjölskyldu, án þess að hafa um það fleiri orð.

Þetta er ekki staður né stund til að rekja annál síðustu fjögurra ára. Í áfangastað verður manni það þó, að renna augum yfir farinn veg. Þessi ár hafa verið rík að margvíslegri reynslu. Mönnum er í fersku minni að á miðju ári 1968 voru áhyggjur þungar af hinum miklu efnahagslegu áföllum, sem íslenska þjóðin hafði orðið fyrir, þegar í senn brugðust sjávarafli og markaður. Ég sé fyrir mér hve undraskjótt skipti um til hins betra og þjóðin hófst til hagsældar meiri en nokkru sinni fyrr. Og ég sé hinar pólitísku umbreytingar, sem urðu með tilkomu nýrrar

ríkisstjórnar eftir alþingiskosningarnar 1971. Þau munu menn telja tíðindin stærst, hversu misjafnt sem menn annars dæma um þau eins og nærri má geta. Ég sé fyrir mér hátíðlegar stundir í lífi þjóðarinnar, aldarfjórðungsafmæli lýðveldisins og endurheimt fornra íslenskra handrita, algjöra samstöðu Alþingis í landhelgismálinu, svo að eitthvað sé nefnt. Og ég sé einnig sorgaratburðina, sem aldrei láta sig vanta. Því gleymir víst enginn sem nærri stóð, þegar þau tíðindi spurðust að morgni hins 10. júlí 1970 að forsætisráðherra landsins og kona hans og dóttursonur hefðu þá nótt látið lífið með furðulega harmsögulegum hætti. Allt eru þetta þættir sögunnar sjálfrar, sagan að gerast, og að standa þar nærri og taka þátt er allt annað en að lesa um það á bók.

Ég lét svo um mælt í ávarpi mínu hér fyrir fjórum árum, að hugur minn mundi verða hjá fólkinu í landinu, meðan ég gegndi þessu embætti. Slíkt var að vísu auðvelt að segja og ég get enn sagt það nú með góðri samvisku. En hitt er ef til vill ekki eins auðvelt að láta það koma fram í verki eða á einhvern þann hátt, sem fólkinu í landinu mætti til einhvers gagns verða. Það er trú mín, að gott leiði af samskiptum í einhverju formi milli forseta og landsmanna. Kona mín og ég höfum reynt að sýna lit á að hafa samband við land og lýð með kynnisföllum, svo sem hefur áður tíðkast, auk þess að taka á móti mörgum gestum á heimili okkar. Við höfum farið allvíða um landið, en þó ekki eins víða og við hefðum viljað, og er það að sumu leyti af óviðráðanlegum ástæðum. Úr þessu eigum við nú enn kost að bæta. Þau kynni sem slíkar ferðir skapa geta verið býsna drjúg, ef forseta og landsmönnum tekst að hitta á þann umgengnishátt, sem best á við í voru landi. Íslenskur forseti fer ekki út um landsbyggðina til að ægja fólki með magt og miklu veldi, heldur til að hitta menn að máli sem fremstur meðal jafningja, kynnast lífi og lífsbaráttu á hverjum stað, fá fréttir um landsins gagn og nauðsynjar. Mér er óhætt að segja, að það er reynsla mín, að yfirleitt hafi skapast gott form fyrir þessar kynnisferðir og að þær nái tilgangi sínum eftir því sem um er að gera á skyndiferðalögum. En landið er stórt og byggðirnar margar og ekki við að búast að hægt sé að staldra lengi við neins staðar eða efna til mikilla persónulegra kynna. En því hef ég drepit á þetta mál hér, að mér er ekki grunlaust um að einhverjum kunni að finnast sem landsmenn verði ekki næsta mikið varir við þann forseta, sem þeir hafa sjálfir valið sér. En það er ekki alls kostar auðvelt úr þessu að bæta, og hætt er við að sitja muni við eitthvað svipað í þessu efni, hér eftir sem hingað til.

Um kynnisferðir til útlendra þjóðhöfðingja gegnir nokkuð öðru máli. Slíkt er í býsna föstu fari sem alls staðar gildir. Við höfum á kjörtímabilinu farið til Norðurlandanna fjögurra í boði þjóðhöfðingja þessara landa. Það er von mín, að þessar ferðir hafi allar glætt þekkingu og skilning á þjóð vorri og högum vorum, en sá er tilgangur allra slíkra ferða, að auka skilning þjóða í milli, að efla vináttu með kynnum. Það er sjálfsagður hlutur, að slíkar heimsóknir eigi að vera gagnkvæmar, hvenær sem því verður við komið, enda er það ætlun okkar að endurgjalda vinaboð þessi á komandi kjörtímabili, og reyndar væri slíkt þegar hafið, ef ekki hefði að höndum borið lát Friðriks Danakonungs á þessu ári. Það er sérstakt gleðiefni að skiptast á gagnkvæmum heimboðum við þjóðhöfðingja Norðurlanda, sem oss eru tengd sérstökum böndum vegna sameiginlegs uppruna þjóðanna og náskyldra menningarháttanna. En mér er engin launung á því, að ég tel annars að íslenskur forseti eigi að stilla opinberum utanförum og heimboðum í hóf. Ég tel best sæma að berast ekki á í því efni, en halda þar þó virðingu sinni

fullri og meta hvert tilvik eftir efnum og ástæðum hvenær sem til umtals kemur. Eftir þessari reglu hefur líka verið farið hingað til og mun verða farið.

Ég lít í dag fram á veginn. Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér fremur en endranær, en vér Íslendingar erum í öllu verulegu sammála um hvað vér viljum, að hverju vér keppum. Vér viljum standa vörð um sjálfstæði þjóðarinnar, stjórnámálegt og efnahagslegt, vér viljum efla gott mannlíf og heilbrigða menningu í landinu, á þjóðlegum grundvelli án þjóðarrembinga, í eðlilegu samstarfi við aðrar þjóðir. Allt er þetta mjög almennt sagt, en nú eins og ætíð blasa við brýn viðfangsefni, skýr og áþreifanleg, og krefjast viturlegrar úrlausnar. Ég á við tryggingu nýrra fiskveiðitakmarka kringum landið og ég á við viðskiptalega stöðu landsins eftir að ný viðhorf skapast við tilkomu hins stækkaða Efnahagsbandalags Evrópu og fleira mætti nefna. Þetta eru ekki auðveld viðfangsefni, en það hefur aldrei verið auðvelt að halda hér uppi sjálfstæðu ríki og því stigi lífsgæða og menningar, sem vér búum við. Það hefur alltaf kostað fyrirhöfn og þrautseigju og það mun áreiðanlega halda áfram að gera það. Þetta er ekki svartsýni, heldur raunsæi og reynsla. Það er alltaf verið að takast á við erfiðleika og ekki heldur við öðru að búast. Eitt tekur við af öðru, ýmist blítt eða strítt. Þegar ég stóð hér fyrir fjórum árum var mjög mikið talað um erfiðleika fram undan. Þeir eru nú að mestu horfnir í skuggann, en nýir komnir í staðinn. Ég trúi því fastlega að það, sem nú er kvíðvænlegast, verði orðið minning ein og saga, næst þegar forseti verður settur inn í embætti. En hvað þá verður helst við að glíma má hamingjan vita, en eitthvað verður það. Kannski eitthvað skylt við þann ótta, sem nú hrjáir mannkynið, óttann við eyðileggingu mannlegs umhverfis og auðlinda jarðar, í einu orði sagt óttann við ragnarök. Það er furðuleg tilhugsun, að fyrir fjórum árum var varla á þetta minnst. Nú fyllir þetta efni hvert blað og hvert tímarit og óteljandi bækur, og það fyllir huga fólks um heim allan og enginn veit fyrir víst hvernig áhrif þess eru á þá, sem eru að alast upp og eiga áður en langt líður að erfa þessa jörð.

Á því kjörtímabili, sem nú fer í hönd, munum vér Íslendingar halda hátíðlegt ellefu alda afmæli mannabyggðar í landinu. Margt hefur verið nefnt manna í milli, sem þá skuli gera til hátíðabrigða eða lokið skuli vera fyrir þetta merkisár. Meðal annars, sem nefnt hefur verið, er endurskoðun stjórnarskrár Lýðveldisins. Hitt er þó frásagnarverðara, að á síðasta Alþingi komu fram tvær þingsályktunartillögur, sem báðar lutu að þessu efni. Leiddi þetta til þess, að Alþingi kaus nefnd til að vinna að þessari endurskoðun. Engu skal ég um það spá, hvort henni verður lokið fyrir 1974, enda skiptir það ekki meginmáli, heldur hitt að hér hefur verið hrundið af stað merkilegu máli, sem margt gott á af að leiða, þegar reyndir menn bera saman ráð sín. Stjórnarskráin er grunnmúr þjóðskipulags vors, og þar skyldi hverjum steini vera sem haganlegast fyrir komið og að sem best yfirveguðu ráði. Ég nefni þetta úrlausnarefni sérstaklega við þetta tækifæri, af því að kunnugt er, að margir hafa á því mikinn áhuga og með því mun verða fylgst vandlega á næstunni. Má nærri geta, að sá sem fer með embætti forseta Íslands og tekið hefur við því með núgildandi ákvæðum, hlýtur að gefa hinn fyllsta gaum að öllum hugsanlegum breytingum og nýjum viðhorfum, enda mun ég gera það.

Ég tek nú við embætti forseta Íslands í annað sinn með sömu auðmýkt og sama góða vilja og fyrr, til að standa við þá ábyrgð sem embættinu fylgir. Ég mun leitast við að gera eins vel og mér endist vit og auðna til og bið um styrk í hverjum vanda, sem að höndum kann að bera. En öllu öðru framar óska ég og bið þjóð vorri og fósturjörð blessunar og farsældar á hverri tíð.